

Popptónleikar á Listahátíð

Popptónleikarnir í Háskólabíói sl. þriðjudegskvöld tókust með afbrigðum vel, þegar á heildina er litið. Að visu var þar ýmislegt stórlega klúðrað og hrátt. Samt sem áður fóru allir þaðan fullir af „inspirasjón“ og atburðir kvöldsins gáfu flestum skemmti-

legt umhugsunarefni fram á næsta dag og jafnvel lengur.

Tónleikarnir voru mjög vel sóttir og munu rúmlega þúsund manns hafa komið inn fyrir dyr en margir aðrir urðu frá að hverfa.

Það fyrsta sem fyrir augum bar var sviðið. Þar gat að líta hljóðfærin, hátalara og önnur

hljómburðartæki og auk þess allskonar uppstillingar. Allt þetta var sveipað hvítum dúkum, sem í líkhúsi væri. Þá lá maður þar í rúmi og virtist dauður eða sofandi.

Hljómsveitin „Spilverk þjóðanna“ sat á bak við heilmikið tjald, en þó mátti sjá listamennina í gegnum þunnt efnið. Síðan hófst athöfnin. Einhverjir munu sennilega hafa velt því fyrir sér hvað ætti að kalla fyrirbrigðið, e.t.v. poppóperettu.

Eggert Þorleifsson, mjög efnilegur listamaður úr Þokkabót, og Sigurður Sigurjónsson, nýtskrifaður úr Leiklistarskólanum, fóru með hlutverkinn á sviðinu en Spilverksmenn, þau Valgeir Guðjónsson, Egill Ólafsson, Sigurður Bjóla og Diddú sátu bak við tjaldið og léku þar sinn hluta.

Leikurinn snýst um manninn, sem er fastur í kerfinu. Afstaða hans til lífsins mótast af eigin afstöðuleysi. Til þess að geta lifað þarf hann að vinna, því fyrir vinnuna kaupir hann mat. Peningarnir verða síðan eftirsótt markmið, sem síðan verður honum sjálfum til tortúmingar.


Leikendurnir eru báðir að túlka einu og sömu persónuna, sem kalla má innri og ytri mann. Þáttur Spilverksins var vel unnin og samspilið allt nokkuð gott. Þó verður varla hjá því komið að benda á nokkra hrásmíði í öllu verkinu. Hugmyndirnar eru afbrigð, leikurinn og músikin góð en tæknilegri uppsetningu og fágum leiksins er nokkuð ábótavant. Þó verður margt fyrirgefið fólki, sem hefur jafnmikinn frumleik til að bera og þeir, sem þarna áttu hlut að máli.

Intermezzo kvöldsins var tvíþættur, þar sem voru snillingarnir Gylfi Ægisson og Megas, eins ólíkir og þeir þeir nú eru. En hvor um sig skilaði sínum hluta með ágætum.


Megas hefur tileinkað sér nokkuð sérstakan stíl, sem þó er fjarri því að vera frumlegur þegar út fyrir landsteinana er komið. Hinsvegar er Megas alveg í sérflokk listamanna hér á landi. Þegar honum tekst bezt til er hann á heimsmælikvarða. Flutningur hans á „Fram og aftur um blindgötuna“, ef titillinn er rétt eftir hafður, var stórkostlegur, enda létu áhorfendur hrifningu sína óspart í ljós.

Um Gylfa er óþarft að fjölýrða. „Minning um mann“ nægir til að gera hann vinsælan þótt ekki kæmi annað til. Gylfi stendur fyrir sínu og á til með að koma mönnum á óvart þegar sízt skyldi.

Hljómsveitin Paradís hefur á að skipa úrvalsliði í hverju rúmi. Pétur Kristjánsson, söngvari, Björgvin Gíslason á



„Komdu og skoðuðu í kistuna mína“



Gylfi Ægisson

gítar og Gunnar Hermannsson á bassa voru mest áberandi á framsviðinu eins og við mátti búast. Þeir Asgeir Óskarsson á trommur, Pétur Hjaltested á hljómborð og Nikulás Róbertsson á pianó skiluðu einnig sínum hluta með miklum sóma. En þó var einn stór ljóður á þessu öllu saman hjá hljómsveitinni. Hljómburðurinn var vægast sagt hryllilegur og þeir sem sátu á fremstu bekkjunum með óskerta heyrn fengu heldur betur að kenna á því. Þarna brugðust tæknimennirnir illa og gagnaði því skammt góð frammistaða hljómsveitarinnar að öðru leyti.

Ymsir poppunendur vilja

ógjarnan viðurkenna að músik sé of há, en á þessum hljótleikum þurfti engar vitnaleiðslur þar að lútandi, því þegar lagið var búið sátu menn og klöppuðu með þjáningarsvip á andlitinu og verkjaði í hlustirnar.

Í viðtali sem blaðam. átti við Pétur Kristjánsson kom fram að einhver mistök hefðu átt sér stað við stillingu hljómburðarins. Í næsta mánuði kemur út plata með öllum þeim lögum sem flutt voru á tónleikumunum í Háskólabíói. Sagði Pétur að í ráði væri að halda aðra hljótleika um það leyti sem platan kæmi út og mundu þeir þá vanda enn meira til allra hluta.


—BJ



Frá popptónleikumunum í Háskólabíói



Spilverk þjóðanna



Hálf Paradís

Íslenszk grafík að Kjarvalsstöðum

Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum yfirlitssýning á íslenskri grafík. Er þessi sýning sú fyrsta sinnar tegundar hérlendis og sýnir hún þróun grafíklistarinnar frá öndverðu og fram til þessa tíma.

Þeir, sem eiga flest verk á sýningunni eru Bragi Asgeirsson, Barbara Arnason og Jón Engilberts. Er þessir listamenn taldir hafa sérstöðu í íslenskri list, vegna þess hve mikill hluti verka þeirra var

unninn í grafík.

Þá hefur verið efnt til myndahappdrættis, í tengslum við sýninguna, og mun allur ágóði af því renna til tækjakaupa og uppsetninga verkstæðis fyrir félagið Íslenszk grafík.

Yfirlitssýningin að Kjarvalsstöðum verður opin alla daga nema mánudaga og lýkur henni þann 20. júní n.k.

—JSS

